



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Bæjarráð
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Ísafjörður, 13. apríl 2018
2017110030 BBJ

Efni: Tjaldsvæði Tungudalur 2018

Þriðjudaginn 27. mars 2018 voru opnuð tilboð í rekstur tjaldsvæðisins í Tungudal. Í verkinu felst að reka tjaldsvæðið, allt viðhald flata, fasteigna og lausafjár og endurbætur og uppbygging á svæðinu í samráði við verkkaupa. Verkkaupi eignast allar endurbætur og uppbyggingu í verklok. Tvö tilboð bárust og eru eftirfarandi:

Olli ehf.	500.000,-
GIH ehf.	2.000.000,-

Tilboðin miðast við rekstur á ári.

Með tölvupósti, dagsettum 3. apríl 2018, féll Olli ehf. frá tilboði sínu.

Fjárhagsáætlun 2018 gerir ráð fyrir um 1,6 milljón í viðhald tjaldsvæða, þar af um 1 milljón í viðhald í Tungudal. Undanfarin ár hefur GIH ehf. rekið tjaldsvæðið í Tungudal og kostnaður verið rúmar 800 þúsund krónur á ári. Hér er því um einhverja kostnaðaraukningu að ræða. Útboðsgögn gera ráð fyrir fimm ára samningi í samræmi við bókun 57. fundar umhverfisnefndar, dags. 21. nóvember 2018.

Undirritaður leggur til að samið verði við GIH ehf. um áframhaldandi rekstur tjaldsvæðisins í Tungudal.

Virðingarfyllst,


Brynjar Þór Jónsson
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -

Brynjar Þór Jónasson

From: Gautur Í. Halldórsson <gih@gih.is>
Sent: 11. apríl 2018 08:35
To: Brynjar Þór Jónasson; Ralf Trylla
Subject: Tjaldsvæðið Tungudal

One: -1

Góðan dag.

Við hjá G.I. Halldórsson ehf. erum tilbúin til þess að koma til samninga við Ísafjarðarbæ vegna útboðs um Tjaldsvæðið í Tungudal. Við höfum staðið að rekstri að tjaldsvæðinu frá árinu 2012. Við munum halda áfram að leggja áherslu á viðhald og góða þjónustu. Við teljum það hluti af samfélagslegri ábyrð að byggja upp gott umhverfi í Tungudal fyrir gesti okkar. Við sjáum tækifæri fyrir betrubætur á svæðinu og gerum við ráð fyrir að vinna þær í samræmi við útboðsgögn.

Kveðja,
Gautur Ívar Halldórsson
Framkvæmdastjóri

Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir
Rekstrarstjóri
gih@gih.is
www.bilastaedamalun.is

